



### Skuggakosningar Reykjahlíðarskóla

Skuggakosningar, um nafn á sameinuðu sveitarfélagi Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps, fóru fram í sal Reykjahlíðarskóla miðvikudaginn 30. mars. Ákveðið var að kynna framkvæmd kosninga á kjörstað fyrir nemendum og voru þær því ekki rafrænar að þessu sinni. Eftir umræður um skilgreiningu á sveitarfélagi og það að nýtt nafn þýddi ekki að við byggjum ekki lengur í Mývatnssveit, en einhver höfðu töluverðar áhyggjur af því, voru nemendum kynnt þau nöfn sem hægt var að velja úr. Einnig voru þau kynnt fyrir hefðum á kjörstað, merkingum á kjörseðli, auðum seðlum og ógildum atkvæðum.

Eftir hádegi var svo gengið til kosninga. Fóru börnin í röð á kjörstað, þurftu að segja til nafns og fengu afhendan kjörseðil. Þeim var svo vísað til kjörklefa þar sem beið þeirra blýantur og þau merktu við það nafn sem þeim þótti fýsilegast. Að lokum settu þau atkvæði sitt í kjörkassa og fóru út að leika sér í góða veðrinu.

Nöfn á kjörseðli voru eftirfarandi:

Laxárþing

Goðáþing

Suðurþing

Þingeyjarsveit

Utankjörstaðaratkvæði bárust svo kjörstjórn í lokin þar sem 1. bekkur kaus innan sinnar stofu. Talning hefur ekki farið fram þar sem einhverjir mættu ekki á kjörstað og verður þeim gefið tækifæri á næstu dögum að velja það nafn sem þeim finnst best. Niðurstöður kosninganna verða því kynntar síðar.

Mikil og skemmtileg stemning myndaðist í kringum kosningarnar. Nemendur voru til fyrirmyndar og tóku hlutverk kjósenda mjög alvarlega. Mörg hver höfðu mikla skoðun á nöfnunum en þar sem kosningin var að sjálfsögðu leynileg þurftu þau ekki að láta nokkurn mann vita hvaða nafn þau ákváðu að merkja við.

Virkilega skemmtilegar og vel heppnaðar kosningar.

### Grænfáninn

Í síðustu viku fór fram vigtun á matarafgöngum í morgun- og hádegismat, alla daga vikunnar. Liðum var skipt eftir námshópum, starfsfólki skóla og starfsfólki hreppsskrifstofu. Voru börnin afar metnaðarfull og mjög dugleg að klára matinn af disknum sínum. Einn hópur stóð sig þó best af öllum og var með minnstu matarsóun bæði í morgun- og hádegismat alla daga. Sá hópur kallast í daglegu tali 1. bekkur. **Frábært hjá þeim!**

Sá hópur sem sóaði mestum mat í lok máltíða var hins vegar starfsfólk hreppsins, við óskum þeim (eða óskum eftir) betra gengis næst.

Markmið vigtunarinnar er að fá bæði nemendur og starfsfólk til að huga að því að fá sér heldur minna á diskinn og fá sér þá frekar aftur ef þarf.

Aldrei  
verður á  
allt kosið

## 2. – 3. bekkur

Í áhugasviðsvikunni voru nemendur í 2. og 3. bekk að gera hin ýmsu verkefni. Þeir æfðu sig til dæmis í að taka myndir og myndbönd á ípad og setja saman í stuttmyndir. Þeir bjuggu til forsíðu og settu texta fyrir myndböndin og völdu sér svo tónlist til að setja undir. Auk þess völdu margir að vinna að smíðaverkefnum, leikritagerð og myndlist þessa daga.

## 4. – 6. bekkur

Í áhugasviðsvikunni kenndi ýmissa grasa hjá nemendum. Nokkrir gerðu stuttmynd sem var nokkurs konar framhald af stuttmynd sem gerð var í áhugasviðsvikunni á síðustu önn. Við gerð myndarinnar kom einn nemandi úr unglíngadeild inn í verkefnið. Einnig var sérstakur upptökumaður fenginn. Aðrir nemendur bökuðu, reiknuðu, unnu í excel, smíðuðu, unnu í textíl og myndmennt og æfðu sig í að grípa. Nemendurnir stóðu sig allir frábærlega og virtust allir ánægðir með þessa daga.

### Jákvæður agi

Munum að okkur gengur betur þegar okkur líður betur.

**1. bekkur:** Síðustu vikurnar lærðum við að reikna með peningum. Við lékum okkur í búðarleik, skrifuðum innkaupalista og bökuðum smákökur. Fyrir öll verkefni fengum við borgað í platpeningum, en stundum þurfti líka að borga sekt...

Síðan enduðum við lotuna með að hver og einn fékk að versla í stofu – búðinni allskonar varning og taka vörurnar með sér heim.

# Dagskrá Reykjahlíðarskóla apríl 2022

mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur	sunnudagur
				1. Pizza	2.	3.
4. Plokkfiskur, grænmeti og rúgbrauð Fræðsla um stafræna hegðun	5. Pasta Carbonara og grænmeti Skólaþjónustan	6. Silungur, kartöflur grænmeti og sósa	7. Lambanaggar, hrísgrjón, grænmeti og súrsæt sósa (Val 4. – 6. bekkjar) Opið hús 6.-10. b.	8. Mexíkósk kjúklingasúpa, snakk, sýður rjómi og ostur	9.	10.
11. Páskafrí	12. Páskafrí	13. Páskafrí	14. Páskafrí	15. Páskafrí	16.	17.
18. Páskafrí	19. Fahitas, hakk og grænmeti <i>Sundkennsla</i>	20. Silungur, kartöflur og grænmeti <i>Sundkennsla</i>	21. Sumardagurinn fyrsti (sumarfrí 😊)	22. Pastahlaðborð og grænmeti	23.	24.
25. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og lauksmjör <i>Sundkennsla</i>	26. Hakkréttur – „chili con carne“, hrísgrjón og grænmeti <i>Sundkennsla</i>	27. Steiktur fiskur, grænmeti, kartöflur, lauksmjör og kokteil-sósa <i>Sundkennsla</i> Opið hús 6.-10. b	28. Lambalæri, kartöflur, brún sósa og grænmeti Dans	29. Grjónagrautur og brauð Dans	30.	